

Svör frá stjórnmalaflokkum. Spurning 6.

Hver er stefna flokksins í málefnum stofnana sem koma að málum barna með sérþarfir svo sem Greiningar- og ráðgjafastöð ríkisins, BUGL og Þroska- og hegðunarstöð. Hvernig hyggst þinn flokkur hafa áhrif á að biðlistum verði útrýmt?

Punktur úr svörum framboðanna. Öll svörin má finna á samfok.is

- A – Björt framtíð vill styrkja forvarnir og stöðu skólanna þegar kemur að málefnum barna og skóla án aðgreiningar og minnka þannig þörfina fyrir aðkomu þessara stofnana. Þau vilja að börnin séu þjónustuð nær skóla og heimilum. Til þess að þjóna þeim börnum sem þess þurfa þarf að leggja meiri pening til þessara stofnana. Þau telja að hver króna sem fari í þennan málaflokk skili sér til baka.
 - B – Framsókn vilja líka efla forvarnir og vilja skoða að taka upp skimun við tilfinningavanda og auka fræðslu um geðrækt inn í grunnskólana. Þau vilja styrkja BUGL og ráðast í umbætur á geðheilbrigðiskerfi fyrir börn. Þau vilja efla úrræði t.d. fyrir unglunga í vímuefnavanda.
 - C – Viðreisn segir að auka eigi afkastagetu heilbrigðiskerfisins og útrýma biðlistum.
 - D – Sjálfstæðisflokkurinn er með það sem markmið að árið 2019 verði búið að útrýma biðlistum á BUGL. Þau vilja líka kanna hvernig megi stytta biðlista hjá Greiningar- og ráðgjafastöð ríkisins. Þau vilja bíða eftir niðurstöðum rannsóknar á skóla án aðgreiningar og vinna út frá þeim.
 - P – Píratar vilja endurreisa gjaldfrjálst heilbrigðiskerfi sem setur grunnstoðir samfélagsins í forgang og það feli í sér að anna eftirspurn.
 - R – Alþýðufylkingin segir að biðlistar fyrir börn með sérþarfir sé skandall og að það vanti peninga í kerfið. Með félagslegu fjármálakerfi megi fjármagna nauðsynlegar umbætur á heilbrigðis- og velferðakerfi landsins.
 - S – Samfylkingin er með það markmið að útrýma biðlistum og segja að enginn eigi að bíða lengur en í þrjá mánuði eftir þjónustu. Þau ætla að auka árleg framlög til heilbrigðismála um 20 milljarða og að þeir peningar muni nýtast í þetta.
 - T – Dögun segir að það sé ekki nóg að koma með átök í geðheilbrigðismálum en standa sig svo ekki varðandi aðgengi að þjónustu. Þau vilja gjaldfría heilbrigðisþjónstu með því að skipta peningum þjóðarinnar réttlátt og þessar stofnanir falla undir það. Það eigi ekki að vera biðlistar.
 - V – Vinstri græn vilja auka fjármagn í þennan málaflokk enda eigi börn ekki að vera á löngum biðlistum.
-

SAMFOK, Barnaheill – Save the Children á Íslandi, ADHD samtökin, Einhverfusamtökin, Sjónarhóll, Olnbogabörn, Umboðsmaður barna, Heimili og skóli – Landssamtök foreldra, Landssamtökin Þroskahjálp, Umhyggja – félag langveikra barna, UNICEF á Íslandi, Foreldraráð Hafnarfjarðar, Málefli, Tourette-samtökin.